



Þing ASÍ-UNG 11. september 2020

Til landssambanda og aðildarfélaga ASÍ

Reykjavík, 1. júlí 2020

Efni: Boðun til 6. þings ASÍ-UNG

Þing ASÍ-UNG verður haldið föstudaginn 11. september nk. á Icelandair Hotel Reykjavík Natura að Nauthólsvegi, 101 Reykjavík. Þingið hefst klukkan 10 og gert ráð fyrir því að þingslit verði klukkan 16 og við taki óformleg dagskrá sem ljúki með kvöldverði. Stjórn ASÍ-UNG hefur samþykkt að helstu umræðuefni þingsins verði: Framtíðarsýn ASÍ-UNG og hlutverk og fyrirkomulag ungliðastarfs innan Alþýðusambandsins.

Tilkynning þingfulltrúa

Aðildarfélög ASÍ þurfa að tilkynna fulltrúa, þ.e. **aðal-, vara- og aukafulltrúa**, á þingið í síðasta lagi föstudaginn 31. ágúst á netfangið asi@asi.is.

Ferðakostnaður og gisting

Um flug vegna þingsins gilda sömu reglur og áður, þ.e. að formenn viðkomandi aðildarfélaga hafa heimild til að panta á reikning ASÍ, flug vegna þingfulltrúa viðkomandi félags.

Um greiðslu kostnaðar vegna þingfulltrúa fer að öðru leyti samkvæmt Reglugerð um greiðslu ferðakostnaðar þingfulltrúa og vegna formannafunda. Reglugerðin er á vef ASÍ.

Hvað varðar gistingu fyrir þingfulltrúa sem koma utan af landi er mikilvægt fyrir aðildarfélögin að ganga frá þeim fyrr en síðar.

Rétt er að benda á að oft er hægt að fá hagstæð tilboð á hótulgistingu á vefnum. Benda má á slóðirnar: <http://www.dohop.is>, og <http://www.hotels.com>.

Þingið verður pappírslaut og munu gögn koma inn slóðina <http://asi.is/um-asi/skipulag/asi-ung>.

Virðingarfyllst,

Halla Gunnarsdóttir

Halla Gunnarsdóttir,
framkvæmdastjóri ASÍ